



## Skógræktarfélögum á vefnum fjölgar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar varð 65 ára árið 2011 og stóð félagið fyrir ýmsum viðburðum í tilefni afmælisins. Eitt af því sem félagið fékkst við á afmælisárinu var gerð nýrrar heimasíðu. Var síðan formlega opnuð á aðalfundi félagsins þann 7. mars.

Á síðunni má finna hið fjölbreytilegasta efni um félagið - fréttir, greinar, upplýsingar um helstu viðburði á vegum félagsins og umfjöllun um svæði þess, auk umfjöllunar um helstu verkefni félagsins. Einnig má finna þar upplýsingar um Gróðrarstöðina Þöll, sem félagið rekur. Eru allir hvattir til að kíkja á heimasíðuna, slóðin er <http://skoghf.is/>.

Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur í mörg ár verið með heimasíðu á slóðinni <http://kjarnaskogur.is>. Var heimasíðan tekin í allsherjar yfirhalningu nú í vetur og uppfærð. Má þar nú finna helstu upplýsingar um félagið og skógarreiti þess, auk þess sem sjá má þær viðarafurðir og þjónustu sem félagið býður upp á, auk

þess sem fylgjast má með skíðafærinu í Kjarnaskógi!

Lista yfir skógræktarfélög á vefnum má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - [www.skog.is](http://www.skog.is) - undir *Tenglar*.



*Jónatan Gardarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, opnar nýju heimasíðuna formlega á aðalfundi félagsins (Mynd:BJ).*

## Fyrsti vísir að trjásafni í Hálsaskógi



Það hefur lengi verið draumur félaga í Skógræktarfélagi Djúpavogs að hafa trjásafn, og í haust gaf einn ágætur Djúpavogsbúi, Vilhjálmur Benediktsson, félaginu tvo garðahlyni.

Einn góðviðrisdag í nóvember voru garðahlynirnir gróðursettir í Hálsaskógi og eru það fyrstu plönturnar í trjásafninu. Nú verður farið í að safna plöntum og gera gott aðgengi að þeim.

*Hjalti Þór Ólafsson við gróðursetningu fyrstu plantnanna í trjásafninu (Mynd:Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir).*

# Að rækta ræktendur – Yrkjusjóður 20 ára

„Allt er ræktun háð: - að ala upp nýja kynslóð er eins og að rækta tré. Maður annast það og styður til að teygja sig beint og greinaprútt til sólar.“

Vigdís Finnbogadóttir  
Áramótaávarp 1988.

Yrkjusjóður er tvítugur í ár. Ég ætla að greina hér í örfáum orðum frá tildrögum verkefnisins og starfsemi.

Allt byrjaði þetta með því að frú Vigdís Finnbogadóttir átti sextugsafmæli, að því tilefni var gefin út bók með textum eftir sextíu höfunda, hún hét Yrkja. Öll vinna við ritið var unnin endurgjaldslaus en bókin seldist afar vel og frú Vigdís ákvað síðan að nota söluandvirðið til þess að stofna sjóð sem heitir fullu nafni *Yrkja – sjóður æskunnar til ræktunar landsins*. Hlutverk hans yrði að „kosta trjáplöntun íslenskra barna í grunnskólum landsins á ári hverju eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins“.

Og þetta hefur skilvíslega verið gert. Gróðursetning á fyrstu Yrkjuplöntunum fór fram í maímánuði 1992. Einungis má nota vexti af höfuðstól til plöntukaupanna en ávallt hefur verið skilið eftir borð fyrir báru. Síðastliðin ár hefur verið hægt að styrkja alla umsækjendur sem sótt hafa um fyrir tilsettan tíma.

Yfirbygging Yrkjusjóðsins er engin þar eð Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með öllum

framkvæmdum sjóðsins, tengslum við skólana og sér um að framkvæma ákvarðanir sjóðsstjórnar.

Nú er svo komið að á hverju ári taka rúmlega átta þúsund grunnskólanemendur í meira en eitt hundrad skólum á öllu landinu þátt í gróðursetningu á plöntum sem Yrkjusjóðurinn hefur keypt.

Samkvæmt skipulagsskrá tilnefnir Vigdís Finnbogadóttir stjórnarformann Yrkju og var Matthías Johannessen fyrsti formaður til ársins 2003, að undirritaður tók við. Aðrir í núverandi stjórn eru þau Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Magnús Gunnarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Fjóla Höskuldadóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

Ræktendur eru mikilvægir, hvort sem um er að ræða skóg eða fólk en fátt er mikilvægara en að rækta ræktendur framtíðarinnar. Um það snýst að mínu viti fyrirbærið Yrkjusjóður. Að rækta ræktendur framtíðarinnar.



Sigurður Pálsson,  
formaður Yrkjusjóðs.




Akralind 4 201 Kópavogi sími 544-4656, fax 544-4657, www.mhg.is



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN








# Skógarferð til Þýskalands 2012

Skógræktarfélag Íslands stendur fyrir fræðsluferð til upprunalands skógræktar sem slíkrar, Þýskalands, dagana 11.-18. september.

Flugið verður til München og farið þaðan í um viku ferð um Bæjaraland (Bayern). Verða ýmsar gerðir skóga skoðaðar og skógarvinnsla, auk þess sem heimsótt verður þarlent skógarfólk í helstu stofnunum skógarmála í Bæjaralandi. Einnig verður, eins og ávallt, hugað að almennri skoðun á náttúru og sögustöðum svæðisins og má þar sérstaklega telja til kastala, en af þeim er töluvert í Bæjaralandi. Á stefnuskránni er að skoða að minnsta kosti einn slíkan. Einnig er fyrirhugað að heimsækja stærsta þjóðgarð Þýskalands.

Verið er að leggja lokahönd á skipulag ferðarinnar í samráði við þýskt skógarfólk. Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, netfang [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is) eða sími 551-8150.

Eins og ávallt gildir – fyrstur kemur –fyrstur fær!

## Allir lesa Laufblaðið!



Vinkonurnar Fía (t.v.) og Alda (t.h.) eru báðar miklir skógarhundar og lesa því spenntar í Laufblaðinu hvað er í gangi hjá skógræktarfélagunum. Þær eru báðar af Labrador-kyni og veiðihundar, þótt Alda sé reyndar enn í þjálfun, enda ekki nema 5 mánaða.

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilegar myndir undir þessari fyrirsögn. Ekki er farið í manngreinarálit með fyrirsætur, heldur er æskilegt að þær séu sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárrýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið [rf@skog.is](mailto:rf@skog.is).

## Laufblaðið

Fréttablað, 21. árgangur, 1. tölublað 2012.

### Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands  
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík  
Sími: 551-8150  
Heimasíða: [www.skog.is](http://www.skog.is)

### Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir  
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

### Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir og  
Einar Örn Jónsson.

### Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

### Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2011:

Magnús Gunnarsson formaður.  
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður.  
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri.  
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

### Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson  
Páll Ingbór Kristinsson  
Þuríður Yngvadóttir

### Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir  
Vilhjálmur Lúdvíksson  
Kristinn H. Þorsteinsson

Eftirtalin fyrirtæki eru  
aðalstyrktaraðilar  
Skógræktarfélags Íslands



POKASJÓÐUR



TOYOTA

# Ljóða – og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs

Í tilefni af Alþjóðlegu ári skóga 2011 og 20 ára formlegu afmæli Yrkjusjóðs árið 2012 ákvað sjóðurinn að efna til ljóða- og ritgerðasamkeppni meðal grunnskólabarna og var henni hleypt af stokkunum í fyrrahaust. Lagt var út af því þema sem merki Alþjóðlegs árs skóga var hannað út frá – „Þetta gerir skógurinn fyrir þig“ – og var þema samkeppinnar „Þetta gerir skógurinn fyrir mig“.

Bréf var sent til allra grunnskóla landsins þar sem samkeppnin var kynnt. Viðbrögð við henni voru mjög góð, en rúmlega 300 ljóð og rúmlega 80 ritgerðir bárust í keppnina, frá grunnskólabörnum víðs vegar um land. Dórnafndar beið því ærið verkefni að fara yfir þetta allt og var valið alls ekki auðvelt, enda mörg góð ljóð og ritgerðir sem bárust. Til að gæta fyllsta hlutleysis fékk dórnafnd ekki að vita nafn höfundar, né frá hvaða skóla viðkomandi var, fyrr en búið var að velja sigurvegara.

Verðlaun í samkeppninni voru veitt við hátíðlega athöfn í Norræna húsinu föstudaginn 17. febrúar. Afhenti Sigurður Pálsson, formaður Yrkjusjóðs, verðlaunin, en hann sat í dórnafndinni ásamt Laufeyju Sigvaldadóttur kennara og Sölva Birni Sigurðssyni rithöfundu.

Verðlaun í ljóða- og ritgerðasamkeppninni voru veitt í tveimur flokkum, fyrir miðstig (5.-7. bekk) og efsta stig (8.-10. bekk), bæði fyrir ljóð og ritgerð í hvorum flokki fyrir sig. Fengu verðlaunahafar skjal til staðfestingar, auk kr. 25.000 hvert til glæðnings sínum bekk.

Fyrir ljóð á miðstigi hlaut verðlaun Áslaug Erla Haraldsdóttir í Grandaskóla, fyrir ljóð sitt *Trjákvæði*. Að mati dórnafndar þótti það vera haganlega smíðaðar vísur sem lýsa áhuga höfundar á íslenskum trjátegundum og lífinu í skóginum. Burðarvirki ljóðtextans eru nöfn á trjám og tekst höfundu að nefna einar tólf tegundir í þessu knappa formi, auk þess sem hrynjandi og uppbygging ber vott um góða tilfinningu fyrir íslensku máli.

Andrea Dís Steinarsdóttir í Klébergsskóla hlaut verðlaunin fyrir ritgerð á miðstigi, fyrir ritgerðina *Skógurinn*. Að mati dórnafndar var málfar og stíll ritgerðarinnar með ágætum, textinn stundum ljóðrænn og með nokkuð góða uppbyggingu. Í ritgerðinni er bæði fjallað um gagnsemi skóga og ýmis



Verðlaunahafari Ljóða- og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs. F.v. Halldór Smári Arnarsson, Áslaug Erla Haraldsdóttir og Hafþór Gísli Hafþórsson. Fjórði verðlaunahafinn, Andrea Dís Steinarsdóttir, var stödd erlendis (Mynd:RF).

álitamál er varða náttúru- og umhverfisvernd, en að auki bendir höfundur á fegurð skógana og þá litadýrd sem þar er að finna. Skoðanir höfundar koma glögg í ljós í textanum og hún skrifar af mikilli virðingu við skóga heimsins.

Fyrir ljóð á efsta stigi hlaut verðlaun Hafþór Gísli Hafþórsson, Norðlingaskóla, fyrir ljóðið *Ljóð 2*. Dórnafnd þótti ungur höfundur draga upp hlýja mynd af skógarferð með ljóðrænu og vel ofnu tungutaki og frysta um leið lítið andartak sem minnir lesendur á hversdagsleg ævintýri æskunnar og töfrana sem búa í þeim. Og það er skógurinn sem fær ljóðmælanda til að skynja helgi hinnar hversdagslegu stundar.

Halldór Smári Arnarsson, Landakotsskóla, hlaut svo verðlaun fyrir ritgerð á efsta stigi, fyrir ritgerðina *Þetta gerir skógurinn fyrir mig*. Að mati dórnafndar þótti höfundur lýsa vel þeim tilfinningum og áhrifum sem skógurinn hefur á hann, út frá persónulegri upplifun á tíðum ferðum um skóg í nágrenni Reykjavíkur. Jafnframt koma fram sterkar skoðanir og gagnrýni á skammsýni mannsins þegar kemur að byggingu mannvirkja eða annarra framkvæmda á kostnað náttúrunnar. Málfar og stíll er með ágætum. Markmið skrifanna eru skýr og endurspeglar virðingu og væntumþykju fyrir skógi í útrýmingarhættu.

# Skógurinn

Besta ritgerð 5.-7. bekk í Ljóða - og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs

Það veit nú hvert mannsbarn hvað skógur er, hópur af trjám. En flestir skilja ekki að skógur er miklu meira. Flestir átta sig ekki á öllu því sem skógurinn gefur okkur. Fólk hugsar ekki, hvar við værum án skógarins.

Skógurinn gefur skjól, hann gefur pappír og svo margt fleira. Hugsaðu þér hvar við værum án þess sem skógurinn gefur okkur. Hugsaðu þér hvað vindurinn myndi margfaldast. En þó við þurfum hluti eins og þurrkur og pappír ættum við ekki að eyða skóginum. Hann hefur verið okkur góður, hví erum við svona grimm, höggvandi niður heilu skógana.

Þótt við á Íslandi höfum ekki eins há tré og þykka skóga eins og sum lönd, ættum við að vera þakklát fyrir minnstu skógana okkar. Við höfum að minnsta kosti eitthvað, og það er betra en ekkert.

Skógarnir eru ekki bara nýtsamlegir, þeir eru líka afskaplega fallegir og færa einstaka græna fegurð inn í þennan heim. Auðvitað njótum við góðs af nytsemi skógar og trjáa, en við njótum líka góðs af fegurð hans. Alls konar tegundir af grænum blandast saman og gefa frá sér geislandi græna birtu. Auk þess að vera svona fallegur, er hann líka heimili, heimili dýra. Ef dýr gætu skrifað, hugsaðu þér hvað sum þeirra gætu skrifað langar ritgerðir um skóginn, örugglega hundrað sinnum lengri en þessi.

Til eru margir skógar, allt frá regnskógum á Amazon svæðinu til litilla birkiskóga á Íslandi. Allir eru þeir mismunandi, sérstakir á sinn hátt, en þeir eiga allir eitt sameiginlegt, að hjálpa bæði dýrum og mönnum. Allir skógar eiga sína sögu og ef trén gætu talað, hugsu sér allar þær sögur sem þau gætu sagt. Skógar geta líka veitt skjól. Hús langt út í sveit á áveðursstað, á góða möguleika að fjúka ekki ef það er umkringgt stórum og sterkum skógi.

Skógar geta líka fært okkur fleiri hluti ef maður hugsar út í það. Skógur getur fært okkur mat og húsaskjól, og líka jólatré, eins og litla systir mín myndi segja. Ég segi aftur: „Hvar værum við stödd án skóga!“

Skógar, eins og dalir og fjöll, móta landslag. Þeir bæta grænum lit inn við grátt, brúnt og blátt. Reyndu að hugsu um land án skóga, kannski með eitt tré, hér og þar. Hugsaðu um vindinn og ferðalögin sem þyrfti að fara á milli ólíkra trjáa, í staðinn fyrir að hafa þau á einum og sama staðnum. „Ekki vildi ég búa þar, en þú?“ „Ég er viss um ekki.“

Ef maður hugsar um gjafir og fórnir skógarins fyrir okkur, verður maður þakklátur. Þó að í sumum skógum sé dimmt og óhugnanlegt, býr ákveðin birta í hverjum einasta skógi. Ef allir myndu fæðast með þekkingu um skóginn og hversu dýrmætur hann er, væri örugglega helmingi fleiri skógar á þessari jörð. Í staðinn fyrir risavaxinn bunka af blöðum. Ég vildi óska að allir skildu að við þurfum að hugsu vel um skógana, í staðinn fyrir að höggva þá niður og byggja þar sem eitt sinn stóð glæsilegur skógur. Að allir myndu fara að vernda trén. Við þurfum að hugsu vel um þessa auðlind. Og við ættum öll að vera þakklát skóginum, fyrir allt sem hann hefur gefið okkur. Ég veit að ég er það.



Mikið úrval af skógarplöntum og garðplöntum!

**SÓLSKÓGAR** ehf.

Akureyri sími 462-2400  
Fljótshálsa sími 471-2410  
www.solskogar.is, solskogar@simnet.is

# Þetta gerir skógurinn fyrir mig

Besta ritgerð 8.-10 bekk í Ljóða - og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs

Á Íslandi eru ekki margir skógar en þeir fáu sem til eru skipta miklu máli fyrir okkur Íslendinga. Þessir skógar eru ekki stórir heldur en hafa að geyma fjölskrúðugt dýralíf.

Eitt af því sem ég á eftir að gera í lífinu og get hlakkað til er að koma í stærsta skóg Íslands. Hallormsstaðaskógur er á Austfjörðum og eru 740 hektarar innan girðingar, 370 hektarar náttúrulegur birkiskógur og 177 hektarar erlendar trjátegundir.

Sá skógur sem ég kem helst í er Rauðavatnsskógur. Hann er lítill en merkilegur fyrir það að þar hófst fyrsta skógrækt Reykvikinga. Elstu trén í Rauðavatnsskógi eru orðinn rúmlega 100 ára gömul en láta afskaplega lítið yfir sér því þau eru ekki nema tæpir tveir metrar á hæð þrátt fyrir háan aldur. Þessi

skógur skiptir mig máli því þarna fer ég í göngutúra og nýt útivistar. Ég fer oft um helgar í Rauðavatnsskóg í langa göngutúra með hundinn minn. Hann hefur mjög gaman af að skoða sig um svæðið. Þarna er líka mikið af útivistarfólki á ferðinni til að njóta náttúrunnar í skóginum. Það sem er sérstaklega skemmtilegt við það að ganga í skógi er skjólið sem trén veita. Stundum gengur maður úr hvassviðri inni í skóginn þar sem er algert logn en hvinurinn í trjátoppunum minnir mann hressilega á veðrið sem er fyrir utan skóginn.

Mér þykir aftur á móti fúlt að þessi fallegi skógur fái ekki að standa í þessari mynd í önnur hundrað ár. Því miður stendur til að höggva stóran hluta hans til að geta fjölgað akreinum á Suðurlandsveginum. Menn voru ótrúlega skammsýnir þegar þeir ákváðu að setja bensínstöð hinum megin við veginn á móti skóginum. Nú er búið að byggja þessa bensínstöð og ekki kemur til greina að færa hana 100 metra inn í hverfið svo hægt sé að breikka veginn í þá áttina. Nei takk burtu með hundrað ára gamlan skóg það er alltaf hægt að skutla nokkrum notuðum jóla-trjám niður í staðinn.

Skógar skipta mannkynið miklu máli og í raun allt líf á jörðinni. Maðurinn hefur gengið langt í að fella stór svæði sem áður voru með fullt af trjám til að geta skapað sér ræktarland eða til að byggja mannvirki. Þau tré sem felld verða við Rauðavatn eru ekki mörg miðað við það sem felld er af trjám í heiminum daglega en tilgangurinn er kannski annar. Menn þurfa gríðarlegt magn af trjám sem þeir þurfa að nota í sínu daglega lífi og er ég enginn undantekning þar. Daglega er ég að njóta góðs af þeim trjám sem felld eru í heiminum og velti því svo sem ekkert mikið fyrir mér hvernig parketið sem ég geng á heima komst þangað eða hvaðan trén komu sem notuð voru til að búa það til.

Tré nánar, tiltekið grenitré, skipta miklu máli fyrir flesta Íslendinga um jólin og eru felld mörg tré til að fólk geti fengið sín jólatré inn í stofu. Mörg þessara trjáa eru íslensk og eru þá ræktuð til þess að fá þetta mikilvæga hlutverk. Það finnst mér aftur gott mál því nýtt tré er gróðursett fyrir hvert sem tekið er.

Af því að á Íslandi er lítið af skógum þurfum við að passa upp á það sem við höfum og reyna frekar að stækka þau svæði þar sem myndast hefur skógur.

## Áburðarmjöl

- gott fyrir allan gróður



### Lífrænn áburður og jarðvegsbætandi efni

Áburðarmjöl hefur lengi verið notað í áburðartilgangi með góðum árangri ekki síst vegna þess hversu seinlestur áburðurinn er og áhrifin vara lengi. Einnig er það staðreynd að mjölið inniheldur fjölbreytt úrval næringarefna sem gangnast plöntum og smádýralífi í jarðveginum mun betur en t.d tilbúinn áburður. Áburðarmjölið er einnig fyrirtaks-áburður á grasflötinn eða undir þökurnar.

Áburðarmjöl er ákjósanlegur áburður til landgræðslu og til uppbyggingar á gróðursnaðum svæðum.

Áburðarmjöl hentar vel fyrir tré, runna, grasflatir, blóm og undir torf þar sem þetta er mjög fosfórríkur áburður.

ORKUGERÐIN EHF.

HEIÐARGERÐI 5, 801 SELFÖSS, SÍMI 482 3553

ORKUGERDIN@ORKUGERDIN.IS, WWW.ORKUGERDIN.IS

## Trjákvæði

Besta ljóð 5.-7. bekk í Ljóða - og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs

Hlynur, reynir, ösp og þöll,  
þekki þessi tré nú öll.  
Fura, lerki, greni og víðir,  
þeim ég kynnist betur um síðir.

Ef þú vilt svo smíða virki,  
þá er gott að nota birki.  
Tré er landsins besti vinur,  
askur, einir, björk og þinur.



## Ljóð 2

Besta ljóð 8.-10 bekk í Ljóða - og ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs

Innan úr þéttu laufinu  
berst hljómfagur söngur  
lítills spörfugls á grein.

Í jaðri skógarins  
við fáfarinn stíg  
birtist grábrún kanína  
eins og fyrir töfra.

Ég er sem snöggvast  
staddur í lítilli veröld  
ævintýra.

Tíminn stöðvast  
eitt andartak og ég held  
niðri mér andanum.

## Vorið er að koma

– frystu plönturnar eru tilbúnar til afhendingar eftir páska

Barri hf rekur fullkornustu skógarplöntustöð á Íslandi að Valgerðarstöðum 4 í nágrenni Egilsstaða.

Barri er leiðandi fyrirtæki í innleiðingu nýjunga á sviði skógarplönturæktunar og hefur byggt sérhannaða kæli- og frystigeymslu fyrir skógarplöntur.

Til sölu verða í vor ýmsar tegundir skógarplantna bæði í pappakössum af frysti og bökkum með plöntun yfirvetruðum á hefðbundinn hátt.

Barri hf. rekur Gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð. Á Tumastöðum verða til sölu flestar tegundir skógarplantna og pottaplöntur sem eru ræktaðar hjá fyrirtækinu.

Barri selur og sendir skógarplöntur um allt Ísland auk Færeyja og Grænlands.

Ræktunargeta Barra er allt að 130 þúsund fjölpottabakkar á ári.



**Barri**  
Skógræktarstöð



[www.barri.is](http://www.barri.is) • [barri@barri.is](mailto:barri@barri.is)

# Aðalfundur Skógræktarfélag Rangæinga

Aðalfundur Skógræktarfélag Rangæinga verður haldinn í Árhúsum á Helli þriðjudaginn 10. apríl kl. 20.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verður Hreinn Óskarsson með erindi er heitir *Áhrif eldgosa á ösku og gróður*. Allir velkomnir.

Stjórn Skógræktarfélag Rangæinga.

*Nýjabrum sprettur þrátt fyrir ösku (Mynd: Hreinn Óskarsson).*



## Hestasteinninn í Furuhlíð



Þessi myndarlegi hestasteinn er í skóginum í Furuhlíð, ræktunarsvæði Skógræktarfélag Skilmannahrepps. Á skiltinu á steininum er upptalning á stofnendum Skógræktarfélagins.

*(Mynd: Bjarni O.V. Þóroddsson).*

## 12 volt díóðuljós

**Eyða allt að 90% minni orku en halogen**  
**Tilvalið fyrir sumarbústaði með sólarorku**



12v 2,5w



12v 1,66w



12v 1,66w



12v 1,3w



12v 1,3w



12v 1,0w



12v 1,2w



12v 3,0w



12v 1,0w

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

**Mikasa**

Jarðvegsþjökkur



**MHV 150**

Yanmar 4,7ha Dísel mótör

Handvirk inngjöf

Áfram/afturábak

3002 kg/þjökkun



**MHV 80**

5,5ha Honda bensín mótör

13 lítra vatnstankur

Hjólavagn fylgir

1565 kg/þjökkun

Sjá nánar á [www.Korkur.is](http://www.Korkur.is)



**P. ÞORGRÍMSSON & CO**  
Ármúla 29 - 108 Reykjavík - S: 512-3360 - [www.korkur.is](http://www.korkur.is)



# Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

## Reykjavík

Alþýðusamband Íslands,  
www.asi.is, Sætúni 1  
Ásbjörn Ólafsson ehf,  
Skútuvogi 11a  
Bílasmiðurinn hf, sími 567-2330,  
Bildshöfða 16  
Bræðurnir Ormsson ehf,  
Síðumúla 9  
Creditinfo, Höfðabakka 9  
E.T. ehf, Klettagörðum 11  
Efling stéttarfélag, Sætúni 1  
Garðmenn ehf, Skipasundi 83  
Gjögur hf, Kringlunni 7  
Gullsmiðurinn í Mjódd,  
Álfabakka 14b  
Háskóli Íslands, við Suðurgötu  
Hilmar D. Ólafsson ehf,  
Eldshöfða 14  
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14  
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11  
Landsnet hf, Gylfahlöt 9  
Landvernd, Skúlatúni 6  
Meistarafélag húsasmiða,  
Skiptaholti 70  
Merkismenn ehf, Ármúla 36  
Olíudreifing ehf, Hólmaslóð 8  
Óv vélar ehf, Jörfagrund 50  
Penninn, Hallarmúla  
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23  
Raftíðni ehf, Grandagarði 16  
Samiðn, Borgartúni 30  
Slökkvilið höfuðborgar-  
svæðisins bs, Skógarhlíð 14  
Tark - Teiknistofan ehf,  
Brautarholti 6  
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29  
Umhverfis- og samgöngusvið  
Reykjavíkurborgar,  
Borgartúni 12-14

## Kópavogur

Byggðáþjónustan bókhald,  
Auðbrekku 22  
Hvellur - G. Tómasson ehf,  
Smiðjuvegi 30  
Innviðir ehf, sími 564-3636,  
Smiðjuvegi 36

## Kríunes ehf,

Kríunesi við Vatnsenda  
Vetrarsól ehf, Askalind 4

## Garðabær

Engilbert ÓH Snorrason  
tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3  
Geislataekni ehf - Laser-þjónustan,  
Suðurhrauni 12c  
Manus ehf, Smiðsbúð 7  
Miklatorg hf - IKEA, Kaupúni 4  
Samhentir Umbúðarlausnir,  
Suðurhrauni 4  
Suðurtún ehf, Súlunesi 12  
Öryggisgirðingar ehf,  
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Fjörukráin - Hótel Víking,  
Strandgötu 55  
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15  
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48  
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
RST Net ehf, Álfhelli 6  
Verkalýðsfélagið Hlíf,  
Reykjavíkurvegi 64

## Reykjanesbær

Aflbinding - Járnverktakar ehf,  
Kliftröð 5  
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12  
Toyota Reykjanesbæ,  
Njarðarbraut 19  
Verslunarmannafélag Suðurnesja,  
Vatnsnesvegi 14

## Grindavík

Einhamar Seafood ehf,  
Verbraut 3a  
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

## Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8  
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

## Akranes

GT Tækni ehf, Grundartanga

## Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga,  
Egilsholti 1  
Sæmundur Sigmundsson ehf,  
Brákarbraut 20

## Ísafjörður

Ferðaþjónustan í Heydal,  
Mjóafirði  
Menntaskólinn á Ísafirði,  
Torfnesi  
Útgerðarfélagið Kjölur ehf,  
Urðarvegi 37

## Súðavík

Víkurbúðin ehf,  
Grundarstræti 1-3

## Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun,  
Eyrargötu 1

## Hvammstangi

Húnaþing vestra,  
Hvammstangabraut 5

## Blönduós

Gullregn - garðplöntustöð,  
Auðkúlu 1

## Skagaströnd

Elfa ehf, Oddagötu 22  
Sveitarfélagið Skagaströnd,  
Túnbraut 1-3

## Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga,  
Ártorgi 1  
K-Tak ehf, Borgartúni 1  
Skagafjarðarveitur ehf,  
Borgarteigi 15  
Sveitarfélagið Skagafjörðu  
Ráðhúsi, Faxatorgi 1  
Útgerðarfélagið Sæfari ehf,  
Hrauni

## Geirasel í Fossselsskógi

Í Fossselsskógi er Skógræktarfélag S-Þingeyinga með lítið timburhús, er kallast Geirasel. Var það byggt af Friðgeiri Jónssyni skógarbónda. Friðgeir fæddist 28. janúar 1927 í Ystafelli í Kinn í S-Þingeyjarsýslu. Hann lést 29. janúar árið 1996. Friðgeir stundaði nám við Alþýðuskólann á Laugum í Reykjadal, en bjó lengi félagsbúi í Ystafelli með bróður sínum Sigurði og konu hans Kolbrúnu Bjarnadóttur. Friðgeir vann auk bústarfa við smíðar og stundaði skógrækt og umhirðu nýskóga frá því að skógrækt hófst í Fellsskógi austanvert í Kinnarfelli.

Skógræktin á Vöglum hóf að planta í Fossselsskógi árið 1958 og vann Friðgeir þar við plöntun og grisjun en hafði frá árinu 1973 fasta umsjón með Fossselsskógi allt til ársins 1992, er hann flutti til Húsavíkur. Síðustu æviárin bjó hann þar ásamt sambýliskonu sinni, Klöru H. Haraldsdóttur frá Kaldbak á Rangárvöllum.

Friðgeir var ræktunarmaður af lífi og sál og veiðiskapur var honum í blóð borinn. Hann var hægur og skar listavel út, unni söng, var vínafastur og einstaklega barngóður.

Árið 1989 byggði Friðgeir lítið timburhús fyrir Skógræktarfélag S-Þingeyinga sem afdrep fyrir gesti og starfsmenn. Húsið hefur alla tíð síðan nýst vel gestum Fossselsskógar. Með árunum hefur þó málningin máðst og því var það að síðastliðið sumar, er erlendir sjálfboðaliðar unnu að ýmsum verkefnum í Fossselsskógi, að meðal verkefna þeirra



Erlendir sjálfboðaliðar við vinnu við Geirasel.  
(Mynd: Agnes Þórunn Guðbergdóttir).



(Mynd: Agnes Þórunn Guðbergdóttir).

var að bera á og mála Geirasel. Húsið lítur nú út eins og nýtt og eru allir velkomnir að njóta skógarins og aðstöðunnar í Geirasel.

## Skógrækt og landgræðsla



Háskóli lífs og lands  
Landbúnaðarháskóli Íslands

## Nýir eigendur að Úlfjótsvatni

Þann 21. desember var skrifað undir samning um kaup Skógræktarfélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur á jörðinni Úlfjótsvatni austast í Grafningi af Orkuveitu Reykjavíkur. Jörðin var upphaflega keypt af Reykjavíkurbæ árið 1929 vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Soginu og fluttist yfir til Orkuveitunnar við stofnun hennar. Skátar hafa haft meirihluta jarðarinnar á leigu og rekið þar útilífsmiðstöð í um sjö áratugi. Auk þess hefur þar verið stunduð skógrækt.

Kaupverð er 200 milljónir króna en undanskilin sölunni eru jarðhiti og tæplega 60 hektara spilda nyrst á jörðinni, auk réttinda sem tengd eru orlofshúsum. Kaupendur munu taka við rekstri og umsjón Bernsku- og Skólaskóga sem ræktaðir hafa verið um árabil í samstarfi Orkuveitunnar, skógræktarféлага og Yrkjusjóðs.

Í ljósi margvíslegra kvaða sem á jörðinni hvíla var hún ekki talin á meðal þeirra eigna, sem Orkuveitan ætti möguleika á að selja samkvæmt þeirri aðgerðaáætlun sem nú er unnið eftir í rekstri fyrirtækisins. Eftir að Skógræktarfélag Íslands og fulltrúar skátahreyfingarinnar lýstu áhuga á að eignast jörðina var gengið til viðræðna við fulltrúa samtakanna og var

tilboð þeirra samþykkt á fundi stjórnar Orkuveitunnar 18. nóvember 2011. Samþykkti borgarráð söluna fyrir sitt leyti þann 1. desember.

Með tilkomu eignarhalds á Úlfjótsvatni er stefnt að aukinni skógrækt og fjölbreyttum möguleikum til útivistar fyrir almenning, sem og auknu samstarfi Skógræktarfélags Íslands og Bandalags íslenskra skáta.



E.v.: Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Bragi Björnsson skátahöfðingi og Anna Rós Sigmundsdóttir, formaður Skátasambands Reykjavíkur við undirskrift kaupsamnings (Mynd: RF).

## Íslenskt fyrir alla ræktun

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur.

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti

Lífrænn massi er hágæða jarðvegsbætur sem fellur til við ræktun sveppa á Flúðum og inniheldur íslensk náttúru efni eins og bygghálm, reyr, kalk og mólmold



Gott fyrir allan gróður



# Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



**ÍSTAK**

já



**molta**



## „Snuddutréd“ í Suðurey

Í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Færeyja haustið 2010 voru margir „viðarlundir“, eins og skógarreitir eru kallaðir í Færeyjum, heimsóttir. Margir þeirra fóru heldur illa í óveðrinu sem gekk yfir Færeyjar 24. nóvember 2011, töluvert var um að greinar brotnuðu og tré færu á hliðina, enda jarðvegur víða grunnur í eyjunum.

Það voru þó ekki eingöngu ótíðindi úr viðarlundunum. Einn af þeim reitum sem var heimsóttur í ferðinni 2010 var skógurinn í Trongisvági á Suðurey, en þar mátti meðal margs annars sjá skemmtilegt „snuddutréd“ – stórt grenitré sem börnin í nágrenninu hengja snuðin sín í þegar þau hætta að nota þau. Það tré stóð storminn af sér, þannig að foreldrar á Suðurey geta enn nýtt tréd til aðstoðar við að venja börnin af snuddu!



*Viðurlundurinn í Trongisvági þann 4. desember 2011, eftir storminn. Ekki er nóg með að tréd standi enn, heldur hafa snuddur haldist á trénu! (Mynd: Tróndur Leivsson).*

## Girðingaeefni í miklu úrvali



Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu ráðleggingar og/eða tilboð í stærri verk.



Hlið stækkanleg og í föstum stærðum.



**LÍFLAND**

[www.lifland.is](http://www.lifland.is)

**Lynghálsi 3 Reykjavík Lónsbakka Akureyri**  
sími : 540 1125 sími : 540 1150

# Nýtum það sem til fellur í garðinum

Nú er rétti árstíminn til trjá- og runnaklippinga. Þá getur fallið til nokkuð af trjágreinum og grönnum bolum, sem hægt er að nýta í ýmislegt. Á meðfylgjandi myndum má sjá dæmi um notkun greina í mjög einfalda jólastreytingu, en í báðum tilvikum eru greinar hengdar upp í loft og sett skraut á þær. Þar sem nú er að renna upp tími páska og ferminga er upplagt að nýta þessa hugmynd, með því til dæmis að skipta jólakúlunum út fyrir litrík páskaegg eða fallega borða og blóm fyrir ferminguna. Ljósaseríuna má svo í raun hafa á hvaða tíma árs sem er, sérstaklega ef notuð er sería með hvítum ljósum. Svo má auðvitað setja seríu og skraut saman á greinar!



*T.v. Ljósasería á birki- greinum gefur bæði skemmtilega lýsingu og tekur sig vel út (Mynd:RF).*

*T.h. Einfalt og stílhreint skraut, með notkun á kúlum í einum lit (Mynd:Bjarni O.V. Þóroddsson).*



## Þjónusta fyrir garðeigendur!

Gámapjónustan hf býður þjónustu við garðeigendur á höfuðborgarsvæðinu á söfnun garðaúrgangs með tveimur mismunandi leiðum, Garðapoka og Garðatunnu.



**Gardatunna.is**

**Garðatunna** er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á [www.gardatunna.is](http://www.gardatunna.is), fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á [www.gardatunna.is](http://www.gardatunna.is).

**Garðapokinn** er veglegur og traustur plastpokur fyrir garðaúrgang. Þeir eru seldir 5 stk. í pakka og er hirðing pokanna ásamt innihaldi innifalinn í verði. Þú pantar Garðapokann á [www.gardapokinn.is](http://www.gardapokinn.is), færð staðfestingu á pöntun og við sendum þér síðan pokana heim. Þegar þú pantar hirðingu á pokunum ferðu inn á [www.gardapokinn.is](http://www.gardapokinn.is) og fyllir út beiðni. Einnig er hægt að hringja í síma 535 250 og panta hirðingu. Í báðum tilfellum verða pokarnir sóttir samkvæmt áætlun sem hægt er að sjá á heimasíðunni.



**GÁMAPJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



**Gardapokinn.is**

## Ný sókn í Breiðdal

Þann 26. febrúar var haldinn aðalfundur hjá Skógræktarfélagi Breiðdæla í gamla Kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík. Skógræktarfélag Íslands sendi tvo erindreka á staðinn, Jón Ásgeir Jónsson og Gústaf Jarl Viðarsson, til að aðstoða við undirbúning og kynningu á fundinum.

Var þeim allsstaðar vel tekið og Breiðdælir virðast almennt mjög áhugasamir um skógræktarmál og þeirra nauðsyn. Enda ekki skrytið, því Skógræktarfélag Breiðdæla á nú talsvert svæði sem vex upp af þrótti við Hótel Staðarborg, steinsnar frá Breiðdalsvík, sem og eldri reit inn við Tinnuá, sem kallaður hefur verið Tinnuskógur.

Á aðalfundinum voru ýmis málefni rædd, líkt og berjarunnar, girðingarmál, stígagerð og möguleikar skógræktarsvæðanna. Kosin var fimm manna stjórn og tveir í varastjórn. Fráfarandi stjórn skilur eftir sig mikið og gott starf, vel var sáð til, og uppskeran fylgir því.

Markmið nýrrar stjórnar er meðal annars að opna betur svæðin, kynna þau betur fyrir íbúum sveitarfélagsins og auka fjölbreytni þeirra, meðal annars með berjarunnum.



Vöxtulegur skógur við Hótel Staðarborg. (Mynd: JÁJ).



Easy2grow kerfi



AQUAbox2 spyder

## Nýtt á Íslandi AutoPot

Sjálfvirk vökvun  
Einfalt í uppsetningu  
Ekkert rafmagn  
Endalausir stækkunarmöguleikar

Nánari upplýsingar  
á [www.innigardar.is](http://www.innigardar.is)



# Sumardagskrá skógræktarféлага á höfuðborgarsvæðinu

Dags.	Viðburður
17.04	Fræðslufundur. Ræktun í kerjum og pottum – Skógur á svölunum. Menntaskólinn í Kópavogi, kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
07.05.	Fræðslufundur. Erindi um umhverfismál á vegum umhverfisstjóra Mosfellsbæjar og um berjarunna. Listasalur Kjarna, Þverholti 2, kl. 17:30. Sk. Mosfellsbæjar.
08.05.	Fræðslufundur. Lýðheilsa í náttúrunni. Menntaskólinn í Kópavogi, kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
15.05.	Fræðsluganga. Vífilsstaðavatn – gróður og fuglalíf. Kl. 20:00. Sk. Garðabæjar.
19.05.	Handverkssýning eldri borgara á tálguðum og útskornum munum. Selið, Kaldárselsveg, kl. 10:00-18:00. Sk. Hafnarfjarðar.
02.06	Fuglaskoðun í Höfðaskógi í tengslum við bæjarhátíðina „Bjarta daga“. Selið, Kaldárselsveg, kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar.
05.06.	Ferð í Brynjudal – gróðursetning og umhirða. Kl. 18:00. Sk. Garðabæjar.
12.06.	Fræðsluganga. Selhólar í Lækjarbotnum – Gróður, jarðfræði og saga. Kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
19.06.	Fræðsluganga. Æsustaðahlíð, kl. 20:00. Sk. Mosfellsbæjar.
19.06.	Fræðsluganga. Smalaholt. kl. 20:00. Sk. Garðabæjar.
21.06.	Fræðsluganga. Landgræðsluskógurinn í Seldal. Kl. 20:00. Sk. Hafnarfjarðar.
26.06.	Fræðsluganga. Guðmundarlundur - Náttúruupplifun, útivist og gróður. Kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
10.07.	Fræðsluganga. Kópavogsdalur - Vin í alfaraleið, gróður og saga. Kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
14. 07.	Fræðsluganga. Trjásafnið og Rósagarðurinn í Höfðaskógi. Selið, Kaldárselsveg, kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar.
24.07.	Fræðsluganga. Vatnsendahlið – Rétt við bæjardyrnar, gróður og jarðfræði. Kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
18.08.	Ferðalag á Úlfjótsvatn. Ber og sveppir. Skoðað nýtt svæði Skógræktarfélags Íslands. Sk. Mosfellsbæjar.
18.08.	Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar. Árleg hátíð í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn sem haldin er í samstarfi við ýmsa aðila í Hafnarfirði. Kl. 14:00-17:00. Sk. Hafnarfjarðar.
20.08.	Fræðsluganga. Sveppir. Heiðmörk. Sk. Reykjavíkur.
01.09.	Fjölskyldudagur á Fossá í Hvalfirði. Fræðsluganga. Kl. 11:00. Fossáfélagið - Sk. Kópavogs, Kjalarness, Kjósarhrepps og Mosfellsbæjar.
08.09.	Haustferð. Kl. 9:00-19:00. Sk. Garðabæjar.
15.09.	Fræðsluganga. Guðmundarlundur - Tré, runnar, fræsöfnun og sáning. Kl. 11:00. Sk. Kópavogs.
15.09.	Gróðursetning sjálfboðaliða í Vatnshlíð í minningarreit um hjónin Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson. Kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar
27.09.	Fræðsluganga. Haustið í skóginum. Heiðmörk. Sk. Reykjavíkur.
06.10.	Fræðsluganga. Hellisgerði og nágrenni – merk tré í bænum. Kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar.

**Nánari dagskrá hvers viðburðar verður auglýst síðar.**

**Fleiri viðburðir geta bæst við.**

**Fylgist með á [www.skog.is](http://www.skog.is) og heimasíðum skógræktarfélaganna!**



## Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

### Akureyri

Höldur-Bílaeiga Akureyrar,  
Tryggvabraut 12  
Ísgát ehf, Furulundi 13f  
Kjarnafæði hf, Fjölнисgötu 1b  
Orlofsbyggðin Illugastöðum,  
Fnjóskadal  
Raftákn ehf, Glerárgötu 34

### Dalvík

Promens Dalvík ehf,  
Gunnarsbraut 12

### Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur,  
Hamrahlíð 15

### Laugar

Gistiheimilið Stóru-Laugar,  
sími 464-2990, Stóru-Laugum

### Egilsstaðir

Dagskráin Austurlandi,  
Miðvangi 1  
Fljótsdalshérað, Lyngási 12  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,  
Einhleypingi 1

## Á hundasleðum í Kjarnaskógi

Dagana 20.-21. janúar var haldin sleðahunda-keppni í Kjarnaskógi og Naustaborgum við Akureyri. Mótshaldarar voru Draghundasport Íslands sem er meðlimur í IFSS International Federation of Sled-dog Sports og sáu þeir um alla skipulagningu og utnumhald keppinnar en starfsmenn Skógræktarfélags Eyfirðinga aðstoðuðu við að troða brautir sem voru lagðar bæði á hefðbundnum skídagöngubrautum og eins voru lagðir ótal krókar og útútdúrar til að lengja brautina og gera hana fjölbreyttari.

Viðburður sem þessi hefur ekki verið skipulagður áður í Kjarnaskógi og er óhætt að segja að keppnin hafi verið skemmtilegt krydd í tilveruna í janúarmyrkrinu og mótshöldurum til sóma, sem lögðu sig í líma við að halda mótið í sátt og samlyndi við aðra gesti skógarins og hreinsa fljótt og vel allan úrgang, auk þess sem allt skipulag var til mikillar fyrirmyndar.

Sigurvegarar keppinnar voru Claire Thuilliez í sex-hunda flokki og Sigurður Birgir Baldvinsson í fjögurra-hunda flokki.



*Að ofan og t.v. Það er greinilegt að hundunum finnst hið besta mál að hlaupa í skóginum með sleðann, enda eru hundasleðar mest stundaðir í miklum skógarlöndum í Skandinavíu, Rússlandi og N-Ameríku (Myndir: Pétur Skarp).*





# Yrkjum jörð með Yara

Til að ná hámarks árangri við ræktun þarf að næra hverja plöntu.

Notkun einkorna áburðar tryggir að hver einstök planta fái öll næringarefni sem hún þarfnast.

Notaðu minni áburð með Yara

